

Nð.

48. Frumvarp til laga

[48. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI

Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með „jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf“ er í lögum þessum átt við launataxta sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með „kjörum“ í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindi, og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m. a. varðandi:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

6. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Oheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf, þar sem gefið er til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þetta gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

7. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.

8. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og/eða starfsþjálfunar og til að sækja námskeið, er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

9. gr.

Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

III. KAFLI

Menntun.

10. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð, að kynjum sé ekki mismunað.

Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara. Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð.

IV. KAFLI

Önnur svið.

11. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

12. gr.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka, þar sem því verður við komið.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

13. gr.

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara til tveggja ára í senn, og skulu þeir skipaðir þannig: Einn skipaður af Hæstarétti, er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn eftir þörfum. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum, og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Á vegum Jafnréttisráð starfar 7 manna ráðgjafarnefnd og skal hún vinna að sérstökum jafnréttisverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun Jafnréttisráðs. Ráðið ákveður hvernig nefnd þessi skuli skipuð.

15. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—12. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmda-áætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.
3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
7. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
8. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila, sem málið snertir.
9. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

16. gr.

Nú telur Jafnréttisráð að ákvæði 2.—12. gr. laga þessara séu brotin, og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

17. gr.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í umboði hans. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

18. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

19. gr.

Brot á lögum þessum skal varða fésektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Félögum, fyrirtækjum og stofnunum má dæma fésektir, hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því, eða hagnast á brotinu.

20. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa viðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum, sem málið varða.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

22. gr.

Félagsmálaráðherra skal leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna. Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tl. 15. gr.

23. gr.

Lög þessi skal endurskoða eftir 5 ár.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 78 31. maí 1976 um jafnrétti kvenna og karla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Lagafrumvarp það sem hér er lagt fram er að stofni til byggt á tillögum endurskoðunarnefndar sem skipuð var í apríl 1981 af fyrrverandi félagsmálaráðherra. Meginverkefni nefndarinnar var tillögugerð um breytingar á jafnréttislögunum, lögum nr. 78/1976, með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá setningu laganna. Tekið var fram að nefndin skyldi taka mið af jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um jafnréttismál. Enn fremur átti nefndin í starfi sínu að hafa samráð og samvinnu við Jafnréttisráð, Kvenréttindafélag Íslands, Rauðsokkahreyfinguna, Kvenfélagasamband Íslands og jafnretusnefndir sveitarfélaga.

Í endurskoðunarnefndina voru skipaðar Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Starfsmannafélagsins Sóknar, Arndís Björnsdóttir kaupmaður, Berglind Ásgeirsdóttir sendiráðsritari, Bergþóra Sigmundsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, Guðríður Þorsteinsdóttir, lögfræðingur og formaður Jafnréttisráðs, Ingibjörg Hafstað kennari, María Pétursdóttir formaður Kvenfélagasambands Íslands, Sigríður Thorlacíus ritstjóri, sem nefndin kaus ritara sinn, Vilborg Harðardóttir útgáfustjóri og var hún skipuð formaður nefndarinnar. Rétt er að taka fram, að meiri hluti nefndarmanna hafði áður starfað saman í undirbúningsnefnd fyrir Kvennaáratugarráðstefnu S.Þ. í Kaupmannahöfn 1980 og í sendinefnd á ráðstefnunni og var starf nefndarinnar þannig að nokkru leyti framhald af fyrra starfi. Í undirbúningsnefnd kvennaráðstefnunnar voru á sínum tíma tilnefndir fulltrúar Jafnréttisráðs (Bergþóra Sigmundsdóttir og Guðríður Þorsteinsdóttir), félagasamtaka sem störfuðu að jafnréttismálum, þ.e. KRFÍ (Berglind Ásgeirsdóttir), KÍ (María Pétursdóttir) og RHS (Ingibjörg Hafstað) og tryggði sú skipan enn frekar gott samstarf þessara aðila. Auk þess voru í undirbúningsnefndinni Guðrún Erlendsdóttir, Sigríður Thorlacíus og Vilborg Harðardóttir. Berglind Ásgeirsdóttir fluttist vegna starfa sinna til útlanda síðla árs 1981 og var þá Esther Guðmundsdóttir formaður KRFÍ skipuð í nefndina í hennar stað. Elín Pálsdóttir Flygenring núverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, var ráðin starfsmaður nefndarinnar í janúar 1983.

Í greinargerð endurskoðunarnefndarinnar sem fylgdi tillögum hennar um breytingar á jafnréttislögum kemur fram að hún hafi kynnt sér og rætt ítarlega framkvæmd jafnréttislaga hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Nefndin hefur farið yfir starfsáætlun Sameinuðu þjóðanna um jafnréttismál sem samþykkt var á ráðstefnu í Kaupmannahöfn 1980, einkum þann kafla sem fjallar um aðgerðir á þessu sviði í einstökum löndum. Enn fremur hefur nefndin fjallað um kannanir sem gerðar hafa verið um jafnréttismál á vegum ýmissa aðila og gerði úttekt á hlutdeild kvenna í opinberum stjórnnum, nefndum og ráðum. Jafnframt var aflað upplýsinga frá öllum starfandi stjórnsmálaflokkum um skipan aðalstjórna þeirra, framkvæmdastjórna, miðstjórna og annarra trúnaðarstaða með tilliti til hlutdeildar kynjanna í þeim.

Álit endurskoðunarnefndarinnar er að enn sé alllangt í land að jafnrétti ríki á milli kynjanna þrátt fyrir gildandi lög um jafnrétti karla og kvenna frá 1976 og þar áður lög um Jafnlaunaráð frá 1973 og starf Jafnréttisráðs (Jafnlaunaráðs) frá sama tíma. Nefndin telur að lögin hafi komið að gagni og reynst betri en ekki, en að þau hafi ekki verið það haldreipi í jafnréttisstarfi sem vænst hafi verið. Enn fremur að þau hafi ekki reynst nógu vel í framkvæmd þannig að breytingar hafi ekki orðið afgerandi, hvorki varðandi stöðumun karla og kvenna né viðhorf til jafnréttis.

Eins og áður sagði byggir lagafrumvarp það sem hér er lagt fram á tillögum áður nefndrar endurskoðunarnefndar. Aðdragandi þeirra breytinga sem hafa orðið á tillögum nefndarinnar er sá að eftir ríkisstjórnarskiptin í maí 1983 ákvað félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, að leggja fram frumvarp að nýjum jafnréttislögum. Í framhaldi af því hefur frumvarp endurskoðunarnefndarinnar verið til athugunar í félagsmálaráðuneytinu. Niðurstaðan hefur orðið sú að gera nokkrar breytingar á tillögum nefndarinnar. Þær eru gerðar að höfðu samráði við stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar á Alþingi. Hér er bæði um að ræða formlegar og efnislegar breytingar.

Hvað áhrærir hið fyrrnefnda þykir rétt að ýmsar orðskýringar í tillögum eigi betur heima í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Til dæmis skýringar á orðunum „mismunun“ í 3. gr. frumvarpsins og „laun“ í 4. gr.

Efnislegar breytingar eru af tvennum toga spunnar.

Annars vegar hafa verið felld brott ákvæði í tillögum endurskoðunarnefndarinnar sem vafasamt er talið að samrýmist íslenskri réttarvenju. Sem dæmi má nefna ákvæði sem fjallaði um frávik frá þeirri meginreglu íslensks réttar, að sá sanni sök sem brotið er á.

Einnig hefur verið felld niður tillaga um sjálfstæðan málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs. Hins vegar er um að ræða ákvæði sem varða sjálfstæði sveitarfélaga. Þannig hefur ekki verið talið rétt að skylda sveitarstjórnir til að skipa jafnréttisnefndir. Í 15. gr. 9. tl. er þó gert ráð fyrir að Jafnréttisráð hafi samband við slíkar nefndir séu þær starfandi.

Nokkrar aðrar breytingar hafa verið gerðar á tillögum endurskoðunarnefndarinnar.

Í 1. gr. tillagnanna hefur verið felld niður málsgrein um að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná markmiðum frumvarpsins. Ákvæði í 3. gr. var breytt til samræmis við þá breytingu. Ekki er talin ástæða til þess í jafnréttislögum að beinlínis taka fram að sérstaklega skuli bæta stöðu annars kynsins.

Þá hefur verið felld niður ákvæði í tillögum endurskoðunarnefndarinnar um skyldu ríkis og sveitarfélaga um að nefna karl og konu þegar óskað er tilnefningar í opinberar nefndir og ráð. Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka, þar sem því verður við komið.

Helstu nýmæli.

Helstu nýmæli þessa lagafrumvarps frá núgildandi lögum er að finna í 1. gr. Þar segir að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Í núgildandi lögum er kveðið á um að „stuðla að“ jafnrétti . . .

Mikilvæg breyting er gerð á skipan Jafnréttisráðs.

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að félagasamtök sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá tilnefni fulltrúa í ráðið. Þessi breyting ætti að stuðla að því að í ráðinu sitji fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að jafnréttismálum.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á 10. gr. núgildandi jafnréttislaga sem efnislega er 15. gr. frumvarpsins. Mikilvægasta breytingin kemur fram í 2. tl. greinarinnar en samkvæmt henni skal Jafnréttisráð vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveðið skal á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Þessa áætlun skal leggja fyrir félagsmálaráðherra sem síðan skal undirbúa stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki, sbr. 22. gr.

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins fjallar um sama efni og 8. gr. núgildandi laga. Hins vegar eru fleiri aðilar dregnir til ábyrgðar samkv. ákvæði frumvarpsins en nú er vegna brota á ákvæðum laga nr. 78/1976.

Að lokum má benda á að viðurlög vegna brota á ákvæðum frumvarpsins eru ákveðnari en áður. Auk þess er gert ráð fyrir endurskoðun laganna eftir fimm ár frá setningu nái frumvarpið fram að ganga.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er því lagt fyrir Alþingi á ný.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Í I. kafla laganna eru sett almenn ákvæði. Gildissvið laganna er þar markað og tilgangur þeirra rakinn.

Um 1. gr.

Hér er um sömu stefnuýfirlýsingu að ræða og í 1. gr. l. nr. 78/1976 um að tilgangur laganna sé að ná fram jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Hér er þó talað um að „koma á“ jafnrétti og jafnri stöðu, en í núgildandi lögum er talað um að „stuðla að“ jafnrétti. Þar með eru stjórnvöld skyld til að vinna að jafnrétti í raun og þetta orðalag leggur þar með aukna ábyrgð á stjórnvöld.

Einnig er nefnt í greininni sjálfri, að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti á öllum sviðum. Samkvæmt því er ekkert svið undanþegið lögnum.

Um 2. gr.

Þessi grein er samhljóða 2. gr. 1. nr. 78/1976 nema að því leyti, að bætt er hér inn í „með stjórnvaldsaðgerðum“.

Það er eitt meginskilyrði fyrir jafnrétti kynjanna, að konur og karlar hafi sömu möguleika til atvinnu og menntunar.

Pótt konur og karlar hafi sömu möguleika að formi til, er því ekki fyrir að fara í raun. Þjóðfélagið gerir konum ekki jafnkleift og körlum að stunda hvaða atvinnu eða nám sem er. Kemur þar aðallega til hin venjubundna ábyrgð kvenna á heimilishaldi og börnum.

Nánar skal kveðið á um þessar stjórnvaldsaðgerðir í reglugerð skv. 21. gr. frumvarpsins og framkvæmdaáætlun skv. 22. gr.

Til þess að jafnrétti komist á er nauðsynlegt að stjórnvöld grípi inn í með sérstökum aðgerðum.

Um 3. gr.

3. gr. er ný. Tekið er fram, að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil, en það er meginregla þessa frumvarps. Með „mismunun“ er átt við athöfn eða athafnaleysi, hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi, sem skapar mismunandi stöðu kvenna og karla í raun vegna kynferðis eða atriða tengdum því.

Almennt er talið, að ekki sé það mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna varðandi meðgöngu eða fæðingu. Þó þykir rétt að setja sérstakt ákvæði um það til að forðast allan misskilning í þessum efnum.

II. KAFLI

Atvinna.

Hér er safnað saman ákvæðum, sem fjalla um atvinnumál. Í 4. gr. 1. mgr. er meginreglan um jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

9. gr. er ný og fjallar um skyldu atvinnurekanda til að jafna stöðu kynjanna innan atvinnufyrirtækis síns eða stofnunar.

Um 4. gr.

Jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, hefur lengi verið meginatriði í jafnréttisbaráttu. Þegar árið 1954 voru sett ákvæði um jöfn laun kvenna og karla í ríkisþjónustu og árið 1961 voru sett lög um launajöfnuð í ákveðnum starfsgreinum. Árið 1973 voru sett lög um Jafnlaunaráð og árið 1976 lög um jafnrétti kvenna og karla með ákvæðum um jöfn laun. Með „launum“ er í frumvarpinu átt við hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur er í fé eða fríðu og vinnuveitandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans.

Þrátt fyrir þessa lagasetningu er enn gífurlegur munur á launum karla og kvenna. Nægir að benda á jafnréttiskönnun í Reykjavík 1980—1982 og í Kópavogi 1982, og vinnumarkaðskönnun Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir árið 1981, þar sem í ljós kom, að laun kvenna voru 51,8% lægri en laun karla.

Hér er sú breyting gerð frá 2. gr. 2. m. laga nr. 78/1976, að konur og karlar skulu einnig njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta ákvæði er til fyllingar ákvæðinu um jöfn laun.

Hér er ekki einungis átt við, að konum og körlum með sama starfsheiti séu greidd jöfn laun, heldur einnig að störf séu ekki metin til launa eftir því hvort þau eru að meginhluta unnin af konum eða körlum.

Með skilgreiningu á „kjörum“ í 3. mgr. er verið að taka af öll tvímæli um hvað átt er við með því hugtaki í 1. mgr.

Um 5. gr.

Þessi grein er efnislega eins og 3. gr. laga nr. 78/1976, en framsetning ákvæðisins er skýrari í frumvarpinu en lögnum.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gerð sú breyting frá 4. gr. laga nr. 78/1976, að hér er talað um starf „sem laust er“. Með þessu orðalagi verður ákvæðið víðtækara, því að ekki eru öll laus störf auglýst.

Þá eru hér tekin af öll tvímæli um, að þeir sem birta auglýsingu eru ábyrgir ekki síður en auglýsandi og skiptir þá ekki máli á hvaða hátt hún er birt. Ástæður þessara breytinga eru þær, að ákvæði þetta í lögum 78/1976 er margbrotið daglega.

Í 3. mgr. er undantekningarregla í samræmi við 1. gr. frv., en sá fyrirvari er settur að koma verður fram í auglýsingunni, ef þessi mgr. á að gilda. Ætti það að koma í veg fyrir að þessi undantekningarregla verði misnotuð.

Um 7. gr.

7. gr. er samhljóða 5. gr. laga nr. 78/1976.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði er efnislega hið sama og 6. gr. núgildandi jafnréttislaga, en ekki er hér skilyrði, að um sama atvinnurekanda þurfi að vera að ræða. Það er óþarfa þrenging að miða við sama atvinnurekanda og gerir ákvæðið ómarkvissara.

Um 9. gr.

Sú tregða, sem er í jafnréttisþróuninni, á ekki síst rót sína að rekja til hefðbundinnar kynjaskiptingar á vinnumarkaðnum.

Erfitt hefur reynt að vinna gegn henni. Tilgangur ákvæðisins er að fá atvinnurekendur til að stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Atvinnurekendum eru gefnar frjálsar hendur um á hvaða hátt þeir stuðla að þessu, eingöngu er sett skilyrði um að aðgerðirnar séu markvissar.

III. KAFLI

Menntun.

Hér er fjallað um menntun m. t. t. jafnrar stöðu kynjanna. Er þetta nokkuð ítarlegra ákvæði en verið hefur og skýrar kveðið á um ábyrgð.

Um 10. gr.

10. gr. 1. mgr. er nokkurn veginn samhljóða 7. gr. laga nr. 78/1976, en 2. mgr. er ný og þarfnast ekki skýringar.

Eðlilegast er að menntamálaráðuneytið sé framkvæmdaaðili varðandi námsgögn og fræðslu í skólum.

IV. KAFLI

Önnur svið.

Í IV. kafla eru ýmis ákvæði sem ekki heyra undir atvinnu- eða menntamál. Hér er safnað saman ákvæðum um bann við lítilsvirðandi auglýsingum og um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnnum, nefndum og ráðum. Hið síðarnefnda er nýmæli.

Um 11. gr.

Í 8. gr. laga 78/1976 er ákvæði um þetta, en þar kemur ekki skýrt fram hvern leiða má til ábyrgðar fyrir brot á því ákvæði, einungis er talað um auglýsendur. Í 11. gr. þessa frumvarps eru auglýsendur og þeir sem hanna og birta auglýsingu ábyrgir fyrir brotum á ákvæðinu. Er leitast við að gera ákvæðið virkara með þessu móti. Má þá jafnt ganga að einum sem öllum þessum aðilum.

Setningin „eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt“ er ný og sett til að taka af öll tvímæli um að allar auglýsingar sem mismuna kynjunum séu óheimilar.

Um 12. gr.

Þrátt fyrir aukna menntun kvenna og þátttöku þeirra í atvinnulífinu sýna kannanir að konur eiga lítinn þátt í ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. T. d. voru konur 6,8% þeirra, sem sátu í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins árið 1981.

Með þessu ákvæði er leitast við að breyta hlutfallinu.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

Í þessum kafla er fjallað um, hvernig framkvæma skuli lögin og er það enn aðallega í höndum Jafnréttisráðs, en nokkrar breytingar eru lagðar til um skipan þess.

Nýmæli er að lögfesta ákvæði um ráðgjafarnefnd.

Verkefni Jafnréttisráðs eru þau sömu og verið hafa, en með nokkurri viðbót.

Um 13. gr.

Í þessari grein er sem áður gert ráð fyrir, að Jafnréttisráð annist framkvæmd laganna.

Hér er gert ráð fyrir, að Jafnréttisráð verði skipað 7 mönnum í stað 5 og bætast við fulltrúar frá KRFÍ og KÍ, en að öðru leyti er ráðið eins skipað.

Rétt þykir að tryggja áhugasamtökum, sem hafa að markmiði að vinna að jafnréttismálum, fulltrúa í ráðinu. Þau samtök, sem hér er lagt til að tilnefni fulltrúa í ráðið, eru einu samtökin utan stjórnmalaflokka, sem nú hafa jafnrétti karla og kvenna sem eitt meginstefnumál sitt.

Samkvæmt nügildandi lögum þarf formaður ráðsins að vera löglærður, en ekki þótti ástæða til þess að halda þessu skilyrði, þar sem 3. mgr. kveður á um að ráða skuli sérstakan lögfræðing til að annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf, sem hefur reynst stór hluti verkefna á skrifstofu ráðsins.

Það er einnig nýmæli, að aðili sem skipaður er af félagsmálaráðherra sé varaformaður, en nauðsynlegt er, að varaformaður eigi sæti í ráðinu sem aðalmaður.

Um 14. gr.

Ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs hefur starfað síðan 1976 og sinnt veigamiklum jafnréttisverkefnum. Því er mikilvægt að tryggja að hún starfi áfram og að Jafnréttisráð ákveði hvernig hún skuli skipuð eftir aðstæðum á hverjum tíma.

Um 15. gr.

Þessi grein er samhljóða 10. gr. laga nr. 78/1976, en bætt er inn í verkefnum.

Annar töluliður er nýmæli. Hann fjallar um að Jafnréttisráð skuli vinna framkvæmda-áætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Á þennan hátt eru skapaðar forsendur fyrir Jafnréttisráð að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Svipað fyrirkomulag þekkist í nágrannalöndunum og þykir hafa gefið góða raun.

Fjórdi töluliðurinn, sem einnig er nýmæli, fjallar um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka, en hún hefur reynst vera eitt af meginverkefnum ráðsins.

Þriðja nýmælið í greininni er níundi töluliðurinn. Hann kveður á um það að Jafnréttisráð skuli hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Um 16. gr.

16. gr. er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 78/1976.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

Viðurlaga- og réttarfarsákvæði eru efnislega þau sömu og í l. nr. 78/1976, en refsíákvæðið ítarlegra.

Um 17. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 11. gr. 2. mgr. núgildandi laga, en þó er hér fyrirvari um að höfða megi mál til viðurkenningar á rétti aðila, þó ekki sé um skaðabótakröfu að ræða. Skaðabótakrafa felur jafnan í sér viðurkenningarkröfu, og þykir því rétt að veita skýra heimild til málshöfðunar, þótt eingöngu sé um viðurkenningarkröfu að ræða.

Um 18. gr.

18. gr. er samhljóða 12. gr. 1. mgr. laga nr. 78/1976.

Um 19. gr.

Ákvæði um refsíabyrgð eru ítarlegri hér en í núgildandi lögum. Brot varðar fésektum nema þyngri refsing liggja við að lögum.

2. mgr. kveður á um hlutlæga refsíabyrgð, en slíkt er ekki heimilað í lögum nr. 78/1976. Þetta þykir eðlileg regla í þessu tilviki, þótt undantekningarregla sé, þar sem brot gegn ákvæðum frv. mundu oft verða þess eðlis, að þau varði rekstur fyrirtækja eða stofnana á einhvern hátt, og því má ætlast til þess af stjórnendum, að þeir fylgist með starfsemi sinni, m. a. hvað þetta varðar.

Um 20. gr.

20. gr. er efnislega í samræmi við 13. gr. laga nr. 78/1976.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði, t. d. um setningu reglugerðar, gildistöku o. fl.

Nýmæli er, að ríkisstjórninni er ætlað að gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og að lögin skuli endurskoða að fimm árum liðnum.

Um 21. gr.

21. gr. er samhljóða 14. gr. 1. nr. 78/1976.

Um 22. gr.

Hér er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra leggi fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveða skal á um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Slík framkvæmdaáætlun ætti frekar að tryggja framkvæmd ákvæða laga þessara.

Um 23. og 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.